

skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður, og skal því staðfesta dóminn með áminnztri breytingu á refsingarákvaðinu. Eftir atvikum málsins verður áfrýjandi einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 12 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður, þó svo að sektin sje 20 kr. og vararefsingin 6 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Þorvaldi Björnsyni 12 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna trá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1897:

Jón Brynjólfsson
 gegn
 Sveini Ólafssyni.

D ó m u r:

Aðilar máls þessa eru báðir ábúendur á jörðinni Höfðabrekku í Mýrdal, og býr áfrýjandinn á vestari hluta jarðarinnar, en stefndi á hinum eystri. Höfðaði áfrýjandi mál þetta í hjeradi út af því, að stefndi ljet verkafólk sitt 24. júlí f. á. hirða nokkuð af þurru heyi, er áfrýjandi hafði látið slá, af túnskák nokkurri, er áfrýjandi taldi tilheyra sínum túnhelmingi, og aþtur daginn eptir, 25. júlí, ljet stefndi taka enn nokkuð af þurru heyi á sama stað frá áfrýjanda og slá þar auk

Þess í 4 klukkustundir. Var málið dæmt í aukarjetti Skaptafellssýslu 14. júní þ. á. þannig, að stefndi Sveinn Olafsson skyldi greiða áfrýjandanum Jóni Brynjólfssyni skaðabætur eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna fyrir töku á 32 fjórðungum af töðu — en því áleit dómarrinn að þurra heyið, er tekið var, hefði numið — og skyldi að öðru leyti sýkn af kærnum áfrýjandans í málinu. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. ágúst þ. á., og hefur hann fengið til þess gjafsóku og skipaðan málfutningsmann. Hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði látinn sæta hæfilegri sekt fyrir verknad sinn, að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati fyrir töku á 3 hestburðum af heyi, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða eptir rjettarins mati, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða talsmanns. Hinu stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Það er vidurkennt af málsaðilum, að þá er þeir ásamt þriðja manni vorid 1894 töku við ábúð jarðarinnar Höfðabrekku, er áður hafði um langan tíma verið í ábúð eins manns, skiptu þeir túni jarðarinnar með sjer til afnota og kaus stefndi sjer þá eystri helning túnsins, en hinir

tveir ábúendurnir, sem höfðu sinn fjórðung jarðarinnar hvor til ábúðar, tóku þá hinn vestari helminginn og skiptu honum með sjer, en í honum liggur túnskák sú, er umrætt hey var slegið á. Fóru afnot jarðarinnar eptir þessum skiptum það ár og sömuleiðis næsta ár og allt til þess tíma, er heytakan var framin, er mál þetta er af risið, en vorið 1895 flutti þriðji ábúandinn af jörðinni og tók þá áfrýjandinn byggingu á öllum vestari helming jarðarinnar og yrkti þá einnig túnið innan þeirra ummerkja, er þeim helmingi var lagður með fyrgreindum skiptagjörningi, þar á meðal fyrnefnda túnskák.

Hinn stefndi hefur viljað rjettlæta heytöku sína sumpart með því, að afnotaskiptin á túni jarðarinnar 1894 hafi að eins verið bráðabirgðaskipti, sumpart með tilvitnun til skiptabrjefs nokkurs frá 1661, þar sem gjörð voru helmingaskipti milli eigenda á jörðinni Höfðabrekku og þar sem umrædd túnskák var talin til eystra helmingsins, og hefur hann viljað á þessu byggja, að skiptin 1894 hafi ekkert gildi haft, er hann framdi heytökuna. En þar sem það er augljóst af málinu og ómótmælt, að áfrýjandinn, þegar heytakan átti sjer stað, var handhafi eða hafði eignarhald á túnskák þeirri, er heyið var tekið af, gátu nefnd varnaratriði stefnda, sem eigi er þörf að rannsaka hjer nákvæmar, að eins gefið honum tilefni til að framfylgja á löglegan hátt rjetti sínum, er hann taldi sig hafa, til breytingar á afnotum jarðarinnu-

ar, en eigi rjettlætt sjálfstöku þá, sem hann beitti með heytökunni.

Samkvæmt þessu álizt stefndi með umræddri heytöku að hafa gjört sig sekan í ólögiegri sjálfstöku og ber því að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda í sekt til landssjóðs samkvæmt 117. gr. alm. hegningarlaga, er ákvedst 30 kr., en til vara sæti hann 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.

Um skadabætur fyrir heytökuna á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, og skal í því tiliti tekið fram, að áfrýjandinn hefur eigi sannað eða fært líkur fyrir, að heyið hafi verið meira en talið er í aukarjettardóminum, eða 32 fjórdungar. Rjett þykir að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr., þar með talin málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hans fyrir yfirdóminum, er ákvedast 15 kr.

Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, hefur því verið fylgt fram með tilhlýðilegum hraða.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Sveinn Ólafsson greiði í sekt til landssjóðs 30 krónur, en sæti ella 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Um skadabætur á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjandanum Jóni Brynjólfssyni málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr., og eru þar í fólgin málfutningslaun hins skipaða

talsmanns áfrýjandans, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 33/1897:

B. H. Bjarnason
 gegn
 Þorleifi Jónssyni.

D ó m u r :

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu hefur eigi verið birt svo tímanlega fyrir hjeradsdómaranum, að honum hafi gefizt frestur sá til að mæta í málinu, sem ákveðinn er í tilsk. 11. júlí 1800, 15. gr., en hvorki hann nje stefndi hafa mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum, ber ex officio að frávísa máli þessu frá yfirdómi.

Því dæmist rjett vera:
 Máli þessu vísat frá yfirdómi.